



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15.11 2019  
Tilvísun vor: M-2019-257/00.11

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, 243. mál**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, mál 243. Landsvirkjun skilaði inn umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 30. janúar 2019 í kjölfar þess að frumvarp sama efnis var lagt fram á 149. þingi.

Landsvirkjun fagnar því að frumvarp um Þjóðarsjóð skuli nú vera endurflutt og lýsir ánægju sinni með að fá tækifæri til að skila inn umsögn um það. Fyrirtækið styður stofnun Þjóðarsjóðs og styður sem fyrr áform um að arðgreiðslur fyrirtækisins til eiganda síns, íslenska ríkisins, fari með þeim hætti í varúðarsjóð í eigu þjóðarinnar til að mæta umfangsmiklum ófyrirséðum efnahagslegum áföllum sem þjóðarbúið getur hugsanlega orðið fyrir í framtíðinni.

Á undanförunum misserum hefur Landsvirkjun bent á að arðgreiðslugeta fyrirtækisins muni aukast á næstu árum. Fyrirtækið hefur lagt mikla áherslu á lækkun skulda síðastliðin ár með góðum árangri og eiginfjárlutfallið hefur aldrei verið hærra í sögu þess. Árið 2018 lauk fyrirtækið við byggingu á tveimur nýjum aflstöðvum, Þeistareykjastöð og Búrfellsstöð II, og Búðarhálsstöð var gangsett 2014. Þessar þrjár virkjanir hafa styrkt tekjustofna fyrirtækisins. Jafnframt hafa nýir viðskiptavinir hafið rekstur og endursamið hefur verið við eldri viðskiptavinum. Stöðir Landsvirkjunar hafa því verið að styrkjast og áætlanir gefa til kynna að rekstur haldi áfram að batna. Með sterkari efnahag og tryggu sjóðstreymi hafa forsendur skapast til að hægt sé að auka arðgreiðslur umtalsvert. Arðgreiðslur Landsvirkjunar til eiganda síns hafa sögulega verið hóflegar, á síðastliðnum árum hefur fyrirtækið greitt 1,5 milljarð króna árlega í arðgreiðslur. Á yfirstandandi ári hækkuðu arðgreiðslur Landsvirkjunar í 4,25 milljarða króna og stefnt er að því að þær muni áfram að hækka á komandi árum. Miðað við núverandi áætlanir er stefnt að því að arðgreiðslur geti hækkað í skrefum og náð á nokkrum árum upp í 10-20 milljarða króna á ári.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að Landsvirkjun starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði og geta því ytri aðstæður og þróun markaða haft áhrif á afkomu hvers árs og væntanlegar arðgreiðslur.

Ekki liggur fyrir formleg arðgreiðslustefna fyrir Landsvirkjun. Nú þegar stefnt er að stofnun Þjóðarsjóðs og líklegt er að arðgreiðslur muni aukast á næstu árum - telur Landsvirkjun ákjósanlegt að eigandi ákveði arðgreiðslustefnu fyrir fyrirtækið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eignir sjóðsins verði varðveittar og ávaxtaðar í erlendum gjaldmiðlum og í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um að kanna megi þann möguleika að arðgreiðslur verði að hluta til í erlendri mynt. Uppgjörsmýnt Landsvirkjunar er Bandaríkjadalur og eru tekjur fyrirtækisins að stærstum hluta í þeirri mynt. Það gæti því farið vel að arðgreiðslur Landsvirkjunar verði í Bandaríkjadal en ekki í íslenskum krónum eins og verið hefur hingað til.



Ísland hefur fullgilt Parísarssamning Sameinuðu þjóðanna og skuldbundið sig til að leggja sitt af mörkum til að markmiðum samningsins um að takmarka áhrif loftslagbreytinga verði náð. Ísland er eitt af fáum löndum í heiminum sem vinna allt sitt rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum og mun Þjóðarsjóður, meðal annars með arðgreiðslum Landsvirkjunar, því byggja á tekjum af endurnýjanlegum orkuauðlindum sem eru á forræði ríkisins. Landsvirkjun fagnar því að í greinargerð með frumvarpinu er nú tekið fram að græn skuldabréf eða sjóðir samsettir úr þeim fái tiltekið vægi í eignasafni Þjóðarsjóðs. Landsvirkjun vill nýta tækifærið og hvetja til þess að áhersla verði lögð á græna og sjálfbærnitengda eignaflokka í fjárfestingastefnu sjóðsins.

Að lokum vill Landsvirkjun ítreka stuðning sinn við stofnun Þjóðarsjóðs. Fyrirtækið er að sjálfsgöðu reiðubúið til að veita upplýsingar og aðstoða stjórnvöld við frekari undirbúning málsins verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson  
forstjóri

